

Aflamarksnefnd - 42. fundur
haldinn að Sauðarmýri 2, miðvikudaginn 23. apríl 2025
kl. 15:00

Fundinn sátu:

Arnar Már Elíasson forstjóri, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir forstöðumaður þróunarsviðs, Pétur Friðjónsson sérfræðingur, Sigurður Árnason sérfræðingur og Reinhard Reynisson sérfræðingur.

Fundargerð ritaði: Pétur Friðjónsson, sérfræðingur á fyrirtækjasviði

Dagskrá:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri 2025-2030 – ÍS-47 ehf. 2503048

Halldór Gunnlaugsson fh. ÍS-47 ehf. sækir um 400 þorskígildistonn af aflamarki Byggðastofnunar vegna Flateyrar í Ísafjarðarbæ. Pétur, Sigurður og Reinhard fjölluðu um málið. Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að umsókn Ís 47 ehf. verði hafnað.

Niðurstaða

Tillagan samþykkt samhljóða. Starfsmönnum falið að leita umsagnar viðkomandi sveitarfélags í samræmi við 6.gr. reglugerðar nr. 643/2016 og bera tillöguna undir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu. Jafnframt er tillaga aflamarksnefndar send umsækjendum ásamt gögnum í samræmi við 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

2. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri 2025-2030 – Vestfiskur Flateyri ehf. 2503049

Anton Helgi Guðjónsson fh. Vestfiskur Flateyri ehf. sækir um 400 þorskígildistonn af aflamarki Byggðastofnunar vegna Flateyrar í Ísafjarðarbæ. Pétur, Sigurður og Reinhard fjölluðu um málið.

Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Vestfisk Flateyri ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 200 þorskígildistönum á grundvelli umsóknar þeirra til næstu fimm fiskveiðia ára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.

Niðurstaða

Tillagan samþykkt samhljóða. Starfsmönnum falið að leita umsagnar viðkomandi sveitarfélags í samræmi við 6.gr. reglugerðar nr. 643/2016 og bera tillöguna undir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu. Jafnframt er tillaga aflamarksnefndar send umsækjendum ásamt gögnum í samræmi við 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

3. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar 2025-2030 – Walvis ehf. 2503052

Gunnar Torfason fh. Walvis ehf. og Tjaldtanga ehf sækir um 400 þorskígildistonn af aflamarki Byggðastofnunar vegna Flateyrar í Ísafjarðarbæ. Pétur, Sigurður og Reinhard fjölluðu um málið.

Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Walvis ehf. og Tjaldtanga ehf. um nýtingu á allt að 200 þorskígildistonnum á grundvelli sameiginlegra umsóknar þeirra til næstu fimm fiskveiðia ára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.

Niðurstaða

Tillagan samþykkt samhljóða. Starfsmönnum falið að leita umsagnar viðkomandi sveitarfélags í samræmi við 6.gr. reglugerðar 643/2016 og bera tillöguna undir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu. Jafnframt er tillaga aflamarksnefndar send umsækjendum ásamt gögnum í samræmi við 13.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____